

Vísbendingar um dyslexíu - lesblindu

Ekkert barn, unglingur eða fullorðinn er með öll þessi einkenni eða vísbendingar en ef viðkomandi er með nokkur þeirra, þó ekki séu nema 2 – 3, þá geta það verið vísbendingar um lesblindu. Því fleiri sem vísbendingarnar eru, því meiri eru líkurnar á að lesblinda sé til staðar, og því alvarlegri sem einkennin eru fleiri.

Vísbendingar um lesblindu sem hverfa yfirleitt ekki með aldrinum

- góðir og slæmir dagar – stundum gengur vel, t.d. að reikna/lesa, en næsta dag kannski ekki. Engar skýringar eru á hvers vegna dagarnir eru misjafnir
- erfiðleikar með áttir og hugtök sem vísa til stefnu, eins og upp/niður, inn/út, hægri/vinstri
- erfiðleikar með raðskipan eða raðvinnslu, t.d. margföldunartöfluna, muna mánuði ársins, vinna með tölur í ákveðinni röð (reikna)
- aðrir í fjölskyldunni eru lesblindir eða eiga í lestrarerfiðleikum

Margt af því sem einkennir lesblind yngri börn er enn einkennandi fyrir lesblinda unglinga

Unglingurinn t.d.

- les enn hægt og ónákvæmt
- á enn í erfiðleikum með stafsetningu
- þarf að láta endurtaka leiðbeiningar og það sem þarf að muna, t.d. símanúmer
- lendir í vandræðum með löng orð eins og t.d. menntaskólanemi
- ruglar saman tímasetningum, stöðum og dagsetningum, mætir þess vegna oft á röngum tíma, röngum degi og/eða á röngum stað með röng verkefni
- á í erfiðleikum með að skipuleggja og skrifa ritgerðir
- á í erfiðleikum með að lesa og skilja flókinn texta og talað mál og fara eftir flóknum leiðbeiningum, sérstaklega undir tímapressu.

Annað sem getur verið merki um lesblindu

Unglingurinn

- hefur lítið sjálfstraust og litla trú á eigin getu
- á sér sterkar hliðar jafnt sem veikar, er t.d. úrræðagóður, góður að teikna, uppfinningasamur, útsjónarsamur¹

Hvaða villur eru algengar í lestri?

Barnið – unglurinn virðist hafa góða almenna greind en

- les í hægt hljóði og með mikilli fyrirhöfn, les einstök orð rangt eða með miklum erfiðleikum (ef engar myndir eða teikningar eru sem hægt er að taka mið af)
- les upphátt hægt og mjög hikandi og stoppar yfirleitt hvorki við punkta né kommur, (lesturinn verður sjaldnast sjálfvirkur)
- þreytist fljótt við lestur
- notar mikla orku við tæknina að lesa og hefur líklega þess vegna oft lítinn lesskilning. Barnið skilur betur það sem það heyrir en það sem það les sjálf.
- gerir villur í lestri orða þegar lesið er í hljóði eða upphátt; t.d.
 - a) snýr við stöfum lóðrétt eins og p verður b t.d. les bíba í stað pípa og lárétt eins og d verður b t.d. dani verður bani
 - b) snýr við stöfum lárétt eins og undna verður nudna og eign kemur í stað eigu
 - c) breytir stafaröðinni í orðum: rúm verður múr, staka verður kasta og mu kemur í stað um eða barki í stað braki
- skiptir um orð sem eru lík í útliti en merkingin ólík, eins og gestur í staðinn fyrir hestur, hús í staðinn fyrir mús, skólafag í stað sólarlag
- skiptir við lestur oft um orð sem eru ólík í útliti en hafa sömu merkingu, t.d. hús í staðinn fyrir bygging, köttur í staðinn fyrir læða, fljótt í staðinn fyrir speed og skæla í staðinn fyrir gráta
- les rangt, sleppir úr eða bætir við smáorðum eins og fyrir, frá, til, hvar, yfir
- sleppir eða breytir endingum, les t.d. ágæt í staðinn fyrir ágætlega, hress í staðinn fyrir hressandi, talar í staðinn fyrir talandi, seint í staðinn fyrir seinlega

¹ Indications of Dyslexia. The British Dyslexia Association, 2004

Hvernig villur eru algengar í stafsetningu?

Barnið/unglingurinn virðist hafa góða almenna greind en

- gerir svipaðar villur í stafsetningu og í lestri þ.e. snýr við stöfum, snýr við orðum og skiptir um stafi og orð
- stafsetur algeng orð rangt þrátt fyrir mikla kennslu í réttitun
- stafsetur rangt orð þó þau séu skrifuð eftir forskrift á töflu eða bók
- býr við öryggisleysi í stafsetningu sem sést best á því að alltaf er verið að stroka út og endurskrifa orð og setningar

Það að eiga í erfiðleikum með réttitun er oft kallað skrifblinda. Einstaklingur getur einnig átt í erfiðleikum með tæknina að skrifa og er það kallað á fagmáli dysgraphia. Hugtakið dysgraphia er stundum eingöngu notað yfir að eiga erfitt með tæknina að skrifa en stundum einnig notað yfir að eiga erfitt með réttitun (stafsetningu).

Gæði texta – ritun

Lesblindir eiga oftast í miklum erfiðleikum með að tjá sig á ritmáli. Texti þeirra endurspeglar hvorki mikla hæfileika né góða þekkingu á viðfangsefninu. Þess vegna gengur lesblindum yfirleitt illa á prófum þar sem lögð er mikil áhersla á að skila frá sér þekkingu skriflega. Góð greind á ýmsum sviðum svo og þekking jafnt sem hæfileikar eru greinilegir þegar talað er við lesblinda en ekki þegar lesið er það sem þeir hafa skrifað. Lesblindir hafa tilhneigingu til að

- skrifa stuttar setningar
- vera lengi að skrifa ef skrifað er með penna eða blýanti (vegna dysgraphiu)
- sleppa oft punktum og kómmum, og uppbygging setninga er ekki í samræmi við málfræði- og setningafræðireglur
- stafsetja mörg orð rangt
- skrifa ólæsilega (vegna erfiðleika við tæknina að skrifa)
- nota rýmið á blaðsíðunni á sérstakan hátt – byrja t.d. efst til vinstri, sleppa spássíu og þjappa textanum saman, hafa lítið línubil
- finna ekki villur í eigin texta